

108. Fundur í dómara nefnd 22. mars 2022 kl 18:00 í Pálsstofu, Laugardalslaug.

Mættir: Sigurður Óli Guðmundsson, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Sigurþór Sævarsson, Björn Valdimarsson, Hilmar Örn Jónasson, Viktoría Gísladóttir

Forföll: Lárus Lúðvík Hilmarsson, Bryndís Sigurðardóttir

Fundarefni:

1. Leifur Guðni Grétarsson kom fyrir hönd stjórnar SSÍ og ræddi um framtíðar stefnu SSÍ um framkvæmd, verkferla og skipulag sundmóta. Vinna að gera sundmót pappirslaus. Forskráning dómara á SSÍ mót ofl. er viðkemur SSÍ sundmótum.
2. Þrír dómara nemar eru búnir að uppfylla tilskylda punkta fjölda og verða uppfærðir úr dómara nema í almenna dómara.
3. Erlend verkefni: tveir dómara á FINA lista sóttu um á sundmót EM50 sem haldið verður í Rome á Ítalíu í júlí 2022.
4. Sundmót á næstunni:
ÍM 50 verður 8 – 10 apríl 2022 í Laugardalslaug. Verið er að undirbúa auglýsingu til dómara og verður Viktoría með utanumhald dómara skráningar.
Ármannsmót verður 23 – 24 apríl í Laugardalslaug
IMOC er samkvæmt atburðardagatali dagsett þann 6 – 7 maí 2022 staðsetning ekki staðfest.
ÍRB mót í 50m laug verður 13 – 15 maí í Reykjanesbæ.
Akranesleikarnir verða 3 – 4 júní.
5. Dómara námskeið: verða þann 20. apríl 2022 í húsnæði ÍSÍ í tengslum við Ármannsmótið og 11. maí 2022 í Reykjanesbæ í tenglum við ÍRBmót.
6. FINA listi # 23 - byrja að undirbúa gögn vegna FINA list sem tekur gildi 1.jan 2023

Fundi slitið kl. 20:30